

STEFNA ÍSLANDSSJÓÐA HF. VARÐANDI HAGSMUNAÁREKSTRA - ÚTDRÁTTUR

Íslandssjóðir hf. (hér eftir Íslandssjóðir eða félagið) hefur sett sér stefnu varðandi hagsmunaárekstra á grundvelli 18. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, 22. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, 17. gr. reglugerðar nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða, 2. þætti framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013, sbr. reglugerð nr. 555/2020 og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2014, um aðskilnað starfssviða. Stefnan tekur einnig mið af 21. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga og 3. þætti framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/565, eftir því sem við á.

Markmið stefnunnar er að stjórn og starfsmenn félagsins þekki og fylgi viðeigandi lögum, reglum og tilmælum um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og búi yfir viðeigandi þekkingu til þess að geta greint hættu á hagsmunaárekstrum í starfseminni og koma í veg fyrir, stýra og vakta hagsmunaárekstra til að tryggja trúverðugleika gagnvart fjárfestum sem og að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni fjárfesta.

Í því skyni að greina hagsmunaárekstra sem geta skapast við veitingu þjónustu í tengslum við sjóðastýringu eða aðra starfsemi Íslandssjóða hafa Íslandssjóðir lagt mat á margvísleg atriði í starfseminni og kortlagt þær aðstæður sem geta valdið hagsmunaárekstrum.

Með hliðsjón af greiningu mögulegra hagsmunaárekstra hafa Íslandssjóðir kappkostað við að grípa til allra eðlilegra ráðstafana til þess að koma í veg fyrir, stýra og vakta hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina. Í þeim tilgangi hafa Íslandssjóðir beitt ýmsum aðferðum og ráðstöfunum til þess að stýra hagsmunaárekstrum og tryggja að fulltrúar Íslandssjóða, sem sinna störfum sem geta haft í för með sér hagsmunaárekstra, séu sjálfstæðir í störfum sínum.

Í því skyni að stýra hagsmunaárekstrum vegna tengsla Íslandssjóða við móðurfélag þess, Íslandsbanka hf., er lögð sérstök áhersla á aðskilnað og óhæði Íslandssjóða gagnvart móðurfélaginu og gagnsæi í viðskiptum þessara aðila.

Haldinn er skrá yfir þá tegund starfsemi, sem stunduð er af Íslandssjóðum eða fyrir hönd Íslandssjóða, þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur, sem hefur í för með sér verulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri sjóða eða fjárfesta hans skaðist eða kunni að skaðast ef um er að ræða áframhaldandi starfsemi.

Ef talið er að skipulag eða stjórnarfyrikomulag Íslandssjóða til að stýra hagsmunaárekstrum sé ekki fullnægjandi er slíkt tafarlaust tilkynnt framkvæmdastjóra Íslandssjóða, eða öðrum þar til bærum aðila, til að unnt sé að gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja að Íslandssjóðir starfi með hagsmuni viðkomandi sjóðs og viðskiptavina að leiðarljósi.

Íslandssjóðir skulu upplýsa fjárfesti um eðli og ástæður hagsmunaárekstra áður en til viðskipta er stofnað ef ráðstafanir félagsins veita ekki eða munu ekki veita fullnægjandi vissu fyrir því að komið sé í veg fyrir hættu á að hagsmuna fjárfestis verði ekki nægjanlega gætt.

Regluvarsla Íslandssjóða annast eftirlit með framkvæmd stefnunnar.

Útdráttur þessi gefur yfirlit yfir helstu þætti í stefnu Íslandssjóða varðandi hagsmunaárekstra. Fjárfestar í sjóðum og aðrir viðskiptavinir geta nálgast nánari upplýsingar um stefnuna hjá Íslandssjóðum.